

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 97/58/EB

frá 26. september 1997

um breytingu á tilskipun ráðsins 94/57/EB um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaefirlit og –skoðun og fyrir tilheyrandi starfsemi siglingamálayfirvalda(*)

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 94/57/EB frá 22. nóvember 1994 um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaefirlit og -skoðun og fyrir tilheyrandi starfsemi siglingamálayfirvalda⁽¹⁾, einkum 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Viðauki við tilskipun 94/57/EB er byggður á ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.739(18) um viðmiðunarreglur vegna leyfisveitingar fyrir stofnanir sem starfa á vegum stjórnvalda.

Þing Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar samþykkti á 19. fundi sínum ályktun A.789(19) um forskriftir hvað varðar eftirlits- og vottunarhlutverk viðurkenndra stofnana sem starfa á vegum stjórnvalda.

Rétt er að líta á forskriftirnar í ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.789(19) sem fylgiskjal með viðmiðunarreglum sem koma fram í ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.739(18).

Rétt er að fella ákvæði ályktunar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.789(19) inn í viðaukann við tilskipun 94/57/EB, að því marki sem þau eiga við.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem um getur í 7. gr. tilskipunar 94/57/EB.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

Gjört í Brussel 26. september 1997.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Neil KINNOCK

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttö. EB nr. L 274, 7. 10. 1997, bls. 8, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 33/98 frá 30. apríl 1998 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjttö. EB nr. L 319, 12. 12. 1994, bls. 20.

1. gr.

Eftirfarandi 7. liður bætist við þátt „A. ALMENNAR KRÖFUR“ í viðauka við tilskipun 94/57/EB:

„7. Stofnunin skal starfa í samræmi við ákvæði viðaukans við ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.789(19) um forskriftir hvað varðar eftirlits- og vottunarhlutverk viðurkenndra stofnana sem starfa á vegum stjórnvalda, að því marki sem þær fjalla um málefni sem falla undir gildissvið þessarar tilskipunar.“

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. september 1998.

2. Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. Aðildarríkin skulu tafarlaust senda framkvæmdastjórninni öll ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna það hinum aðildarríkjunum.

3. gr.Tilskipun þessi öðlast gildi á 20. degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.**4. gr.**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.